



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Vorönn 2025

ENSK2YL05

Yndislestur - fjarnám

Kennarar:	Guðfinna Gunnarsdóttir	Sk.st.	GG
-----------	------------------------	--------	----

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga er ætlunin að fá nemendur til að njóta sín við lestur skáldsagna á ensku.

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grundvallaruppbyggingu þjóðfélaga þar sem enska er notuð sem móðurmál
- ólíkum viðhorfum og gildum í þeim löndum þar sem enska er notuð og geti tengt þau eigin samfélagi og menningu
- orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða
- notkun tungumálsins, í þeim tilgangi að mæta hæfniviðmiðum þrepsins munnlega

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa bókmenntaverk fyrir unglinga eða á sambærilegu stigi
- tjá sig skýrt og hnökralaust um innihald skáldsagnanna

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tileinka sér efni ritaðs texta og hagnýta á mismunandi hátt
- lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru tjáð, átta sig á tilgangi og afstöðu textahöfundar og tjá skoðanir sínar munnlega
- lesa á milli línanna, átta sig á dýpri merkingu texta
- færa rök fyrir máli sínu og gagnrýna efnið á viðeigandi hátt
- tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt og beita tungumálinu af sæmilegri nákvæmni

Námsefni: Sjá bókalista á Innu.

Hver nemandi les fimm bækur á önninni, fjórar af bókalista (ein er skylduefni) og eina að eigin vali. Reglurnar eru eftirfarandi:

- **Born A Crime e. Trevor Noah** er skylduefni, allir nemendur lesa hana.
- Nemendur mega aðeins velja eina bók eftir hvern höfund.
- Auk fjögurra bóka af listanum má hver nemandi leggja til eina bók að eigin vali. Hún verður að vera a.m.k. 280 bls. og kennari verður að samþykkja notkun hennar. Bókina má þó að sjálfsögðu velja af bókalistanum, að ofangreindum reglum uppfylltum

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil: Sjá áætlun í Innu.

Fyrirkomulag námsmats:

Eitt skriflegt verkefni (próf) og fjögur munnleg verkefni. Kennari útbýr skriflega verkefnið og nemendur leysa það í Innu. Nemendur skila 4 verkefnum í viðtali á netinu eða í persónu við kennara. Allar frekari útlistanir og leiðbeiningar varðandi verkefnaskilin verður að finna á Innu

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Born A Crime	Skriflegt verkefni frá kennara	20%
Val 1 af lista	Munnlegt verkefni	20%
Val 2 af lista	Munnlegt verkefni	20%
Val 3 af lista	Munnlegt verkefni	20%
Eigin val / 4 af lista	Munnlegt verkefni	20%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

16. janúar 2025

Guðfinna Gunnarsdóttir